



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 20. maí 2019

1905002SA VÓHS
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar 2019-2022

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis dags. 30. apríl sl., um beiðni um umsögn um framangreint mál. Samband íslenskra sveitarfélaga átti fulltrúa í undirbúningsnefndinni og styður framlagða þingsályktunartillögu.

Almennt

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna sl. vor var hafist handa við gerð nýrrar stefnumörkunar Sambands íslenskra fyrir árin 2018-2022 sem stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 30. nóvember 2018. Í stefnumörkun sambandsins, nánar tiltekið í grein 3.2.8. er barnavernd til umfjöllunar:

Sambandið beiti sér fyrir því að hagsmunir barna og ungmenna ráði för við endurskoðun á fyrirkomulagi barnaverndar og að horft verði til sjónarmiða sveitarfélaga í því samhengi.

Sveitarfélögin gegna mikilvægu hlutverki í barnaverndarmálum. Sjónarmið sveitarfélaga snúa einna helst að því hvernig skipan barnaverndarmála á Íslandi verður háttáð í framtíðinni en í upphafi árs var formlega skipaður stýrihópur stjórnarráðsins í málefnum barna, undir stjórn félags- og barnamálaráðherra.

Eitt af meginmarkmiðum stýrihópsins er að tryggja heildarsýn og samræmda framkvæmd og þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra á öllum sviðum. Samhliða því að stuðla að samhæfingu á milli ráðuneyta um málefni barna, er stýrihópnum, ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga, ætlað að styðja við starf þingmannanefndar um málefni barna sem mun á haustmánuðum 2019 leggja til tillögur á barnaverndarlöggjöfinni með það að markmiði að tryggja samfellu í þjónustu og að hún þvert á þjónustukerfi.

Áherslur

Framkvæmdaáætlunin horfir fyrst og fremst til verkefna Barnaverndarstofu og barnaverndarnefnda, þar sem áhersla er lögð á stuðning og aðstoð við fjölskyldur áður en gripið er til annarra meira íþyngjandi úrræða. Sambandið tekur sérstaklega undir mikilvægi þess að komið sé auga á vandann sem fyrst svo hægt sé að grípa snemma inn í mál, áður en vandinn fær að þróast

og verður jafnvel illviðráðanlegur. Einnig er tekið undir áherslu á foreldrafærni.

Sambandið tekur einnig undir mikilvægi þess að til boða standi fullnægjandi meðferðar- og þjónustuúrræði. Fram kemur að lögð verði áherslu á skilvirkt og heildstætt skipulag viðurkenndra úrræða, stigskipting þjónustu, einstaklingsbundnar áætlanir og að skilgreindur verði hámarksbiðtími eftir úrræðum og meðferð með frekari aðkomu og styrkingu í nærumhverfi barns með mögulegri annars og þriðja stigs tengingu.

Ljóst er að sú framkvæmdaáætlun sem hér er til umsagnar mun engan veginn leysa allan vanda en hún getur verið skref í rétta átt. Jákvætt er að stutt verði við starfsemi Stuðla og að sett verði upp nýtt meðferðarheimili fyrir ungmenni sem glíma við alvarlegan hegðunar- og/eða vímuefnavanda. Mikilvægt er að tryggja fjármögnun þessara úrræða.


Sveitarfélögin kalla hins vegar sérstaklega eftir því að komið verði á fót nýjum úrræðum fyrir börn með margþættan vanda. Um er að ræða mjög dýra þjónustu sem hefur þróast á gráu svæði milli ríkis og sveitarfélaga. Leggja verður áherslu á aðkomu heilbrigðiskerfisins að málefnum þessara barna.

Sambandið tekur einnig undir að þörf er á aðgerðum í þágu barna í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Það er hins vegar ekki nóg að setja falleg orð á blað um slík markmið, orðum þurfa að fylgja beinar aðgerðir. Fjölgun barna með annað tungumál en íslensku kallar á aukinn stuðning við skólakerfið en vísbendingar hafa komið fram um að íslenskukennslu sé ábótavant á öllum skólastigum.

Þrátt fyrir að í framkvæmdaáætlun um málefni innflytjenda hafi verið sett markmið um að vinna bug á brottfalli innflytjenda úr framhaldsskólum virðist raunin vera sú að ekkert hafi miðað á undanförnum árum. Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafi jafnframt mjög takmarkað val um framhaldsskóla og námsleiðir vegna lakrar íslenskukunnáttu. Þessi staða er að sjálfsögðu ávísun á félagsleg vandamál fyrir þennan hóp og kallar á sérstakt átak af hálfu stjórnvalda.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri